



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Austurborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

Leiðarljós leikskólans	3
2 Greinargerð leikskólastjóra	3
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	5
3.1 Umbótaáætlun leikskólans.....	8
3.2 Innra mat Kattholts.....	10
3.3 Innra mat Ólátagarðs.....	13
3.4 Innra mat Putalands	16
3.5 Innra mat sérkennslu.....	18
3.6 Innra mat – fjöltyngd börn	20
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
6 Foreldrasamvinna.....	21
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	22
8 Fylgiskjöl	23
8.1 Fylgiskjal 1.....	24
8.2 Fylgiskjal 2.....	25
9 Um starfsáætlanir leikskóla	26
9.1 Mat á leikskólastarfi	26
9.2 Hlutverk foreldraráðs	27



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans er vil – get - kann Við höfum trú á að öll börn vilji, geti og kunni ef þau fá tækifæri til að gera hlutina sjálf/eða með stuðning kennara. Kennarar hafa þessi leiðarljós alltaf í huga við nám og leik barnanna.

2 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hefur gengið ótrúlega vel þrátt fyrir þær áskoranir sem hafa mætt okkur. Við gerðum okkur vonir um að Covid-19 væri að baki þegar við fórum í sumarfrí í júlí. Því miður var grímskylda aftur komin á þegar við opnuðum og hafði það óhjákvæmilega áhrif á leikskólann. En við vorum orðin vön og það var ekki mikið mál að blása rykið af viðbragðsáætluninni vegna þess. Því miður fór það svo í janúar að við urðum að loka leikskólanum í fjóra daga vegna þess að covidsmít hafði komið upp á öllum deildum og því voru allir starfsmenn og flest börn í annað hvort einangrun eða sóttkví. En allt tekur enda og í dag erum við á góðum stað varðandi Covid-19 og vonandi heldur það áfram. Við erum búin að læra að það er nauðsynlegt og svo mikils virð að geta átt samskipti í raunheimi, átt persónuleg samskipti við foreldra og forráðamenn, farið hindrunarlaust á milli deilda og verið saman.

Fundir og foreldraviðtöl fóru fram bæði rafrænt og í raunheimi, það fór bara eftir sóttvarnareglum á hverjum tíma. Þrátt fyrir þakklæti fyrir að geta haft fundi og viðburði rafrænt þá finnst okkur öllum mun betra að fá foreldra og sérfræðinga inn til okkar til funda frekar en að hafa samskipti í gegnum tölvuna. Vonandi er þetta algjörlega liðin tíð núna og við getum horft um öxl og þakkað fyrir það.

Starfsmannabreytingar voru nokkrar, eins og gengur og gerist en okkur gekk vel að manna þær stöður aftur. Fjórir starfsmenn voru í leikskólakennaranámi, þar af tveir deildarstjórar sem luku sínu meistaranámi núna í vor. Við erum svo heppin að fá að njóta starfskrafta þeirra áfram hjá okkur. Við erum svo heppin hvað margir hjá okkur vilja læra leikskólakennarann en óhjákvæmilega finnum við fyrir því að þau hafa sitt námsleyfi til að stunda sitt nám. Við lögðum okkur fram við að reyna að manna þann tíma sem nemarnir stunduðu námið með því að ráða inn til okkar tímastarfsfólk.

Við erum stolt af því að vera með fulla styttingu og erum með 36 stunda vinnuviku. Flestir sem eru í 100% vinnu eru með þá útfærslu að fjóra daga vinnuvikunnar vinna þau í átta stundir og fimmta daginn í fjóra tíma. Fólk á sinn ákveðna dag sem það vinnur fjóra tíma. Flestir sem eru í Kennarasambandi Íslands safna sinni styttingu upp þannig að þeir vinna í 40 stundir á viku en njóta svo styttingarnar í kringum páska, jól og sumarfrí og lengja þar með þá daga sem þau eru frá vinnu í kringum þessi leyfi. Þetta kallar á ákveðið þúsluspil og við höfum ákveðið að láta þetta ganga þótt það kosti auka álag á þá sem eru ekki í styttingu. Okkur finnst það þó þess virði því öllum finnst mjög notalegt að eiga sína stuttu daga. Við höfum getað nýtt tímastarfsfólkið okkar að hluta til að fylla upp í skörð þeirra sem eru í styttingu í hvert skipti.

Við fengum Kristínu Einarsdóttur frá Leikur að læra til okkar á starfsdegi í september með upprifjunarnámskeið í Leikur að læra. Birte Hansen kom líka þann dag og var með fyrirlestur tengdan tónlistarhlutanum í Vináttuverkefni Barnaheilla.

Á starfsdag í október fengum til okkar Eyrúnu Ísfold Gísladóttur með Lubbanámskeið.



Í desember sýndu elstu börnin helgileik, vanalega er foreldrum og forráðamönnum boðið á sýninguna en í þetta sinn var henni streymt vegna þeirra sóttvarnareglna sem voru þá.

Í febrúar komu Þóra Sæunn Úlfsdóttir og Bryndís Guðlaugsdóttir frá Miðju máls og læsis til okkar með fyrirlestur um málþroska barna.

Jólagjafirnar sem eru einstakar hjá okkur áttu sinn fasta sess. Viðtöl eru tekin við hvert barn að undan skildum yngstu börnunum, þar sem það er spurt hvað það langar til að gefa foreldrum sínum í jólagjöf. Þetta er stór liður í lýðræðisþátttöku barnanna og hafa allir gaman af. Mjög fjölbreyttar hugmyndir koma frá börnunum og er allt gert til að auðvelda þeim að útbúa þessar gjafir fyrir foreldrana og vekja þær alltaf mikla athygli. Allt ferlið er skráð og fá foreldrar það með gjöfinni.

Barnamenningarhátíð var haldin í apríl og tókum við þátt í henni með tvennum hætti. Elstu börnin tóku þátt í leikskólaviðburði Tónskóla Sigursveins og æfðu ákveðna söngva með Ladda sem var þema viðburðarins. Mánudaginn 4 apríl fóru þau í Hörpuna þar sem þau tóku þátt í samsöng með þessum lögum með öðrum börnum úr leikskólum borgarinnar. Mjög skemmtilegur viðburður og gaman að geta tekið þátt og boðið foreldrum að vera viðstödd en síðustu tvö skipti var tónleikunum streymt. Börnin stóðu sig frábærlega og voru allir mjög ánægðir með hvernig til tókst.

Hér í Austurborg vorum við með annan viðburð tengdan barnamenningarhátíðinni. Við sóttum um og fengum styrk til að halda Brekkusöng Austurborgar. Hlökkver Smári Oddson, starfsmaður á Kattholti hafði veg og vanda af því verkefni. Föstudaginn 8. apríl héldum við brekkusönginn sem var opinn viðburður og allir sem vildu voru velkomnir. Vel var mætt á viðburðinn og við vorum svo heppin með veður þennan dag. Börn og fullorðnir sátu saman í brekkunni í garðinum og sungu saman undir stjórn Hlökkvers Smára sem spilaði á gítar og var forsöngvari. Starfsmannafélagið seldi vöfflur og boðið var upp á kaffi og djús. Vel heppnaður viðburður sem okkur langar mikið til að endurtaka.

Starfsmannafélagið hefur verið duglegt við að finna upp á viðburðum þegar það hefur verið hægt vegna sóttvarnareglna. Það hafa verið Pub Quiz kvöld af og til, video kvöld og spilakvöld voru einu sinni í viku þegar hægt var og einnig hittust þeir sem vildu til að þrjóna saman. Sumargleði þar sem við grillum og höfum gaman er líka fastur punktur. Öflugt starfsmannafélag er mikils virði og hefur jákvæð áhrif á starfsmannahópinn sem skilar sér inn í starfið. Það er mikils virði að hafa samhentan starfsmannahóp og með skemmtilegum uppákomum eftir vinnu eflast tengslin á milli starfsmanna sem skila sér svo í starfinu.

Í vor kom Kristín Einarsdóttir frá LAL með 14 kennara frá Þýskalandi til að kynna sér hvernig við vinnum með Leikur að læra. Hrafnhildur Konný Hákonardóttir, leikskólastjóri tók á móti þeim. Þau voru mjög ánægð með þá heimsókn. Einnig kom hópur starfsmanna frá leikskólanum Garðaborg til að kynna sér starfið okkar. Það er gaman að fá svona heimsóknir og mjög hvetjandi.

Í maí kom loks af langþráðri hópeflis og námskeiðsferð starfsmanna til Alicante sem búið var að undirbúa og reyna að komast í undanfarin tvö ár en hafði alltaf frestast vegna Covid. Miðvikudaginn 24. maí lokaði leikskólinn á hádegi og starfsdagar tóku við. Það var glaður hópur starfsmanna sem fóru út í rútu við leikskólann það hádegi og brunaði upp á Keflavíkurflugvöll. Ferðin var algjörlega frábær og bæði fengum við mjög góð námskeið og það er mikið hópefli sem verður til í svona ferð. Í Alicante fengum við námskeiðið Gagnrýnin hugsun og heimspekilegar samræður í umsjón Jóhanns Björnssonar, heimspekingi. Kristín Einarsdóttir frá LAL var með okkur á núvítundarnámskeiðinu





Núvitund sem tól í skólastarfi. Við fórum einnig í leikskólaheimsókn þar sem við fengum kynningu á skólanum, hvernig þeir nota LAL í kennslu hjá sér ásamt því sem nemendurnir sungu og dönsuðu fyrir okkur. Frábær ferð í alla staði sem hristi samhentan hóp enn betur saman ásamt góðum námskeiðum og skólaheimsókn.

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Barnið og starfið, foreldrar og starfið, stjórnun leikskólans	Rafræn könnun á vegum Skóla- og frístundasviðs	Foreldrar	Styrkleikar eru þeir þættir er snúa að barninu og dvöl þess í leikskólanum. Einnig er stjórnun, stefna og aðbúnaður í leikskólanum styrkleiki. Veikleiki sem kom fram í könnuninni er að ekki hefur verið leitað til foreldra eftir tillögum og hugmyndum, þátttaka foreldra í leikskólastarfinu, upplýsingar um framfarir barnsins.
Líðan í starfi	Spurningar í starfsmannaviðtölum	Starfsmenn	Starfsfólk upplifir sig almennt mjög vel í vinnunni og telur sig fá að nýta hæfileika sína. Mikil ánægja er með að starfsmannafélagið er aftur farið að koma á viðburðum sem féllu niður í Covid. Það er mikill styrkleiki hve starfsmannahópurinn nær vel saman og skilar það sér




í öllum samskiptum þeirra á milli og þar með líka til barnanna.




Allar spurningar fyrir leikskólann

Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfsh



Allar spurningar fyrir leikskólann

Meðalskor spurninga er varða barnið og starfsh



3.1 Umbótaáætlun leikskólans

Nú þegar starfið hefur loksins komist í eðlilegan farveg eftir Covid-19 farsóttina hefur verið hægt að endurvekja ýmislegt sem datt alveg niður, eins og t.d. foreldrasamstarf. Foreldrafundir voru með eðlilegum hætti í haust, eins var hægt að bjóða foreldrum á útskriftarathöfn elstu barnanna en mikil eftirsjá varð eftir því þegar varð að leggja það niður. Það er mikilvægt að geta haft þessa viðburði í skólanum, það eru mikilvægar upplýsingar um framfarir barnsins, sem og einstaklingsbundnar upplýsingar sem fara að mestu fram í foreldraviðtölum og á öðrum fundum ef þörf er á og það munar mjög miklu að geta hitt fólk í eigin persónu. Sem betur fer lítur ekki út fyrir annað en að foreldrafundir og annað foreldrasamstarf geti farið fram með eðlilegum hætti næsta haust.

Byrjað er að útbúa handbækur fyrir starfsmenn og er sú vinna langt komin. Bæði hefur starfsmannabókin verið uppfærð og einnig stór handbók fyrir stjórnendur sem var hafin vinna við að búa til þegar við vorum svo heppin að fá senda til okkar aðra handbók þar sem þessi sama vinna var búin og þá er hún nýtt til að aðlaga okkar starfsstað. Búið að útbúa samning á milli stjórnenda sem hlutverk stjórnanda eru sett niður. Starfsmannafélagið hefur getað tekið til starfa aftur frá haustinu sem hefur góð áhrif á starfsmannahópinn. Það skilar sér svo til barnanna þegar starfsmenn eru ánægðir og líður vel.

Áfram verður haldið með Vináttuverkefni Barnaheilla, Leikur að læra og Lubba sem tekinn var markvisst inn í vetur. Einnig komum við til með að taka þátt í verkefninu Námsseminn starfsmanna í leikskóla undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga sem er samstarfsverkefni fjögurra leikskóla, Kvistaborgar, Grandaborgar, Garðaborgar og Austurborgar, auk kennara af Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Handbók	Klára að aðlaga handbókina að okkar leikskóla	Setja inn greinargóðar upplýsingar og prenta handbókina út. Hafa bókina lifandi og uppfæra hana	Aðstoðarleiðskólalastjóri sér um að uppfæra handbókina og prenta hana út. Setja á	Haut 2022	Vor 2023	Að allar upplýsingar um verkefni og skyldur stjórnenda séu á einum stað. Einnig upplýsingar og leiðbeiningar	Að auðvelt og aðgengilegt sé að komast að upplýsingu m sem varða störf, verkefni og



		í hvert sinn sem verða breytingar á einhverju.	aðgengilega stað			um ákveðin ferli.	skyldur stjórnenda
Skólanámskrá	Uppfæra skólanámskrá leikskólans	Á áætlun í fyrra var á dagskrá að uppfæra skólanámskrána en það náðist ekki. Sú vinna var lögð til hliðar því mikill tími stjórnenda fór í nauðsynlegas kipulagningu og fleira vegna Covid	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2022	Vor 2023	Nauðsynlegt er að koma þessari uppfærslu af stað sem fyrst. Hist verður á fundi þar sem allir stjórnendur fara yfir ákveðinn hluta námskrárinnar. Aðstoðarleikskólastjóri sér um að koma uppfærslum inn í skólanámskrána.	Að skólanámskrá sé aðgengileg öllu starfsfólki, og sé skiljanleg. Námskráin styður vel við starfið er hún er uppfærð reglulega og sé handbók sem auðvelt er að komast að.
Starfsfólk	Vera jákvæð og styðja viðstarfsmenn. Taka hugmyndum frá þeim fagnandi. Styðja við skemmtinefndina þegar þau koma með hugmyndir að uppákomum	Vera hvetjandi þegar upp koma hugmyndir til að hittast utan vinnu, hvort sem það eru göngur, handavinna, íþróttir eða kvöldskemmtanir	Stjórnendur, skemmtinefnd	Haust 2022	Vor 2023	Gefinn tími á starfsdögum fyrir skemmtinefnd. Einnig farið yfir á skemmtinefndarfundum	Að starfsfólki finni fyrir öryggi í vinnunni og líði vel þar.
Innra mat							



Mannauður	Hafa áfram fjölbreyttan starfsmannahóp. Bæði miðað við aldur og kyn. Auka kennaramenn tað starfsfólk	Styðja við þá sem stefna á frekara nám og gefa tækifæri til þess.	Stjórnendur	Haust 2022	Vor 2023	Veita sveigjanleika við ástundun náms. Ráða karlmenn jafnt sem kvenmenn til starfa	Að mannauðu rinn sé faglegur, fjölbreyttur og áhugasamur
-----------	--	---	-------------	------------	----------	--	--

3.2 Innra mat Kattholts

Kattholt er elsta deildin á leikskólanum Austurborg. Í vetur voru 28 börn á deildinni, tveir árgangar; 21 börn fædd 2016 og 8 börn fædd 2017. Eitt barn hætti í nokkra mánuði, en kom aftur í apríl.

Megináherslur vetrarins voru;

- Leikur að læra
- Vináttuverkefnið
- Lubbi finnur málbein
- Jóga og stepp kennsla
- Skólahópsverkefni í samstarfi við Hvassaleitisskóla
- Menningartengdir viðburðir líkt og Barnamenningarhátíðin

Leikur að læra gekk mjög vel fyrir áramót og í byrjun árs. Þegar Covid ástand skall á var minna um Leikur að læra í þeim dúr eins og erum vön, en í staðinn voru áherslur settar á það að vera með markvissa kennslu í Leikur að læra einu sinni í viku og á móti var tekið í Leikur að læra verkefni inn á deildinni í minna magni.

Vináttuverkefnið byrjaði vel og voru miklar áherslur á sönglögin og verkefni tengd því. Klípusögur og spjöldin voru nýtt reglulega í samverum.

Lubbi finnur málbein byrjaði vel fyrir áramót og sást mikill áhugi hjá börnunum og verkefnin eftir því. Vikulegar stundir voru settar upp og farið í gegnum bókina með viðeigandi áherslum. Eftir áramót datt aðeins niður takturinn sökum Covids en stundirnar hafa haldið sér eftir mesta megni þegar leið á vorið.

Barnamenningarhátíðin var haldin í apríl og söngæfingar voru reglulegar, börnin náðu miklum framförum. Við heimsóttum Tónskóla Sigurvins til þess að æfa með nemum tónskólans og sungum undir þeirra hljóðfæraleik. Börnin voru mjög dugleg að læra bæði sönglögin og danstaktana sem fylgdu Barnamenningarhátíðinni Flikk Flakk og í kjölfarið var augljós munur á börnunum þegar þau

þurftu að læra nýja texta eða dansa. Út frá þessu verkefni setti einn starfsmaður upp hátíð fyrir okkur sem hann kallaði Brekkusöng og öllum í hverfinu var boðið að koma og taka þátt. Hugmyndin spratt út frá því að viðhalda í þá menningu að börn lærðu lög sem sungin eru á hátíðum.

Deildarfundir voru frekar fáir, en áhugi er fyrir því að auka þá mögulega í einu sinni í mánuði er mikill hjá starfsfólki. Á þessum fundum fórum við yfir stöðu barnanna og verkefni framundan. Ýmislegt annað sem viðkemur deildinni er einnig rætt á þeim fundum.

UMBÓTAPÁ TTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Vinátuverk efni	Ná betur yfir alla þættina sem viðkemur námsefninu	Með því að fara betur yfir efnið sem er í boði á vefsíðum sem gefa hugmyndir	Ábyrgðin og framkvæm din er á deildarstjórn a og ákveðnum starfsmanni (aðrir koma inn í ef þörf þykir)	septemb er	maí	Stundirnar verða metnar á deildarfundum þegar þess er þörf.	Markmiðið er að börnin læri að umgangast hvort annað og hlusta á og lesa í tilfinningar hvors annars með samræðum og söng.
LAL	LAL hefur gengið vel í vetur. Sami starfsmaður hefur séð um allar LAL stundir með aðstoð frá einum starfsmanni hverja stund.	Við viljum betrumbæta skipulag og fræðslu fyrir þann starfsmann sem sér um LAL hverju sinni.	Einn ákveðinn starfsmaður hefur yfirumsjón og aðrir starfsmenn aðstoða	Sep	Maí	Stundirnar verða metnar á deildarfundum þegar þess er þörf.	Markmiðið er að krakkarnir verði búnir að ná tökum af stórum hluta stafrófsins, og ná að hljóða flesta þeirra,



							form að vissu leiti og stærðfræði kunnátta verði á grunnstigi. Gera námið skemmtilegt fyrir krakkana.
Hópastarf	Hópastarfið í ár hefur einkenst af LAL, vináttuverkefni og Lubbi finnur málbein	Reynsla sýndi okkur að sniðugt sé að hafa ákveðin þemu í hópastarfi yfir ákveðið tímabil. Einnig er mikilvægt að hafa þægilega stærð af börnum.	Allir starfsmenn tóku að sér verkefni sem þau sáu um og héldu utan um.	Sep	Mai	Hópastarfið var metið jafn óðum og aðlagð að hópnum og getu barnanna jafn óðum.	Að börn læri að fara eftir fyrirmælum og fylgjast með ákveðnum verkefnum. Að auka kunnáttu barnanna á mörgum sviðum ekki síst félagslega.
Skólaverkefni í samvinnu með grunnskólanum í Hvassaleiti	Samstarfið hefur gengið mjög vel en ekki tókst að halda hittinga þegar Covid var sem mest.	Verkefnið gekk vel og kennsluáætlun stóðst fyrir utan það þegar Covid stoppaði ferlið.	Sep – des og svo jan-mai	Sep – des og svo jan-mai	Deildarstjóri og annað starfsfólk	Verkefnið var metið á deildarfundum og með börnunum í samverustundum. Haldin er hátíð fyrir börnin þegar einni önn líkur sem sagt í lok vetrarannar og lok vorannar.	Markmiðið er að brúa bilið milli skólastiga. Börnin fá að koma í grunnskólan bæði til að hitta kennara og fara í verk- og listgreinar til þess að vinna verkefni.



3.3 Innra mat Ólátagarðs

Ólátagarður er næst elsta deildin á Austurborg. Þar eru börn fædd 2017 og 2018. Á Ólátagarði hefur aðal áhersla starfsins verið námsþættir Aðalnámskrá þar sem starfsfólk hefur unnið saman að samþætta þessa þætti. Þeir námsþættir sem við unnum með voru: læsi, lýðræði, hreyfingu, jafnrétti, stærðfræði, mannréttindi og verk- og listnám. Læsi og hreyfing skipuðu stóran sess í starfi okkar og var að mestu unnið í gegnum hugmyndafræði *Leikur að læra*, en þar er unnið með nám í gegnum leik og hreyfingu. Í vetur var lögð áhersla á stærðfræði í *Leikur að læra* fyrir áramótin og svo var lögð áhersla að kynna fyrir þeim stafina einnig var unnið með liti, form og rím. *Leikur að læra* var tvisvar í viku.

Þrátt fyrir hreyfinguna sem *Leikur að læra* felur í sér var einnig lögð áhersla á íþróttir í vetur. Börnin voru í íþróttum einu sinni í viku og svo lagt áherslu á útveru og aðra hreyfingu. Markvisst íþróttastarf sem krefst mun meiri hreyfingar en *Leikur að læra* var sett á fyrir eldri deildir í ár og verður þar haldið áfram að vinna með reglubundna hreyfileiki líkt og boðhlaup, stórfiskaleik og þess háttar.

Listasmiðjan var markvisst einu sinni í viku á fimmtudögum og gekk það vel. Einnig voru ýmis munir teknir inn á deild þannig að listrænt og skapandi starf var ekki einungis bundið við listasmiðjuna. Þau fengu tækifæri til að mála með ýmis konar málningu, aðferðum og fengu oft að stýra ferðinni að miklu leyti eftir getu okkar út frá aðstæðum. Til að mynda fengu þau að stimpla með málningu, rúlla, fingramála og gamla góða aðferðin með penslum.

Lestur bóka ásamt söng var uppistaða samverustundanna okkar og til þess að ná að tengja söngtexta notuðum við tússtöflu til þess að gera textana myndræna. Fjölbreytt efni var valið þó svo börnin fengu einnig að blómstra með því að syngja þau lög sem þau þekkja rosalega vel. Valið á bókum var ekki handahófskennt heldur reyndum við að velja viðfangsefni bóka og laga í samræmi við hópastarf þeirrar stundar, grunnþætti menntunnar eða árstíðir. Einnig voru bækurnar um Fíu Sól lesnar og gekk það vonum framar að lesa bækur sem innihalda ekki myndir heldur reynir á þeirra hugmyndaflug og ímyndunarafl.

Hópastarfið gekk vel hjá okkur í vetur. Við skilgreindum það sem *leikur að læra* stundirnar, ferðir, listasmiðja, leiklist og frjáls leikur. Börnin höfðu gaman af og voru alltaf viljug og reiðubúin að taka þátt í þeim stundum. Börnin höfðu einnig val um þátttöku. Þau voru ekki neydd til neins sem þau voru ekki viljug til að taka þátt í.

Vináttuverkefnið gekk mjög vel hjá okkur í vetur og var unnið markvisst með það einu sinni í viku.

Einnig var farið í hin ýmsu menningarhús borgarinnar eins og t.d. Norræna húsið í sögustund, mánaðarlegar heimsóknir í bókasafnið í kringlunni, bíó Paradís, Þjóðminjasafnið, Hvalasafnið og Húsdýragarðinn. Við fórum líka í styttri vettvangsferðir í nærumhverfinu.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Leikur að læra	Unnið var markvisst með stærðfræði og stafi.	Við vorum með LAL 2 í viku, gott að halda því áfram þannig.	Ákveðinn starfsmaður sá um þessar stundir	Sep	Lok apríl	Umsjónarmaður LAL sá um þessa vinnu ásamt deildarstjóra og öðru starfsfólki, farið var yfir starfið á deildarfundum	Að börnin læri í gegnum leikinn. Gera námið skemmtilegt fyrir þau.
Hreyfing	Að hafa markvisst hreyfingu fyrir börnin úti og inni.	Íþróttir voru einu sinni í viku á mánudögum eftir hádegi, einnig var nýtt útivera til hreyfingar í leikjum og fl. Halda áfram að hafa ákveðnar stundir fyrir íþróttir.	Ákveðinn starfsmaður sá um íþróttir þennan veturinn	Sep	apr	Umsjónarmaðurinn sá um íþróttir og aðra hreyfingu ásamt fleira starfsfólki þegar á þurfti að halda t.d í leikjum og fl. Deildarfundir notaðir til þess að fara yfir og bæta ef þarf.	Íþróttir og önnur hreyfing hefur gengið vonum frammar enda leggjum við mikla áherslu á hreyfingu.
Vináttuverkefni	Að kenna börnum að umgangast hvort annað með virðingu og vinsemd.	Einu sinni í viku á fimmtudögu m. Gott er að hafa þetta fast einu sinni í viku en vera tilbúin að grípa inn í með verkefninu ef á þarf að halda.	Ákveðinn starfsmaður sá um verkefnið og gekk það mjög vel, en þessi starfsmaður hefur farið á námskeið um verkefnið.	sep	maí	Umsjónarmaðurinn sem vann að þessu verkefni gerði það mjög vel, það var yfirfarið á deildarfundum.	Að börnin læri að setja sig inn í mismunandi aðstæður og að koma í veg fyrir að einelti nái að þróast
Söngur, leiklist og lestur bóka	Í vetur var fléttað saman söng, leiklist	Það er söngur alla daga,	Ákveðnir starfsmenn sáu um	Sep	Maí	Alltaf farið yfir á deildarfundum hvernig gekk	Gekk mjög vel og það var gott að sjá hve vel gekk



	og lestri ásamt sögustundum . Fíla Sól var lesin fyrir ungu börnin og gekk það vonum fram, en það reynir mikið á hlustun, ímyndun og eftirtektarsemi. Einnig voru sagðar sögur og búið til leikrit út frá þeim.	leiklistin var á miðvikdögu m og sögur sagðar. Fíla Sól lesin á tvisvar í viku. Velja góða framhaldssögu næsta vetur og lesa fyrir þau.	þessar stundir. Einn einbeitti sér að leiklistinni og sögugerð. Annar stjórnaði söng með útskýringu m á textum. Deildarstjóri sá um Fíla Sól sem er einnig málörvun þar sem börnin eru spurð út í kaflann sem lesin var			sérstaklega með söng stundir og leiklistina.	með framhaldssögulestur fyrir deildina.
Listasmiðja	Leyfa börnum að skapa og gera það sjálf.	Listasmiðja var á fimmtudögu m, einnig var unnið með listasmiðju og sköpuninni á deild	Einn starfsmaður bar ábyrgð á og sá um listasmiðjuna þennan vetur og setti hún upp þemu, jól, páskar, vor og fl.	Sep	Maí	Listasmiðjan gekk vel í vetur. Ásamt því að vinna að þemum þá var búið til borg, blóm, fuglar og fl.	



3.4 Innra mat Putalands

Á Putalandi eru 19 börn þar af 2 börn sem eru fædd 2020 en hin eru fædd 2019. Deildin er með yngstu börnin í leikskólanum. Þar eru börnin oftast að stíga sín fyrstu spor innan skólans og því er aðlögun og að kenna barninu inn á leikskólann mikilvæg. Markiðið er að hvert barn fái að njóta sín til fulls og verða virkur nemandi innan skólans. Við kennum börnunum að vera vinir og höfum einfaldar og skýrar reglur sem auðvelt er að fara eftir fyrir þennan aldur. Vinátta og virðing er rauður þráður í starfinu auk þess sem að aðalnámskrá leggur línur í skipulögðu starfi innan deildarinnar.

Vinna vikunnar var að á mánudögum fórum við í listasmiðju og þar voru unnin verk tengd þema hverju sinni. Við völdum að hafa hringinn víðan til að við gætum tekið sem flest inn en líka til að geta tekið á móti breytingum. Við völdum að taka fyrir litalagið gulur, rauður.. og vinna með hvern lit í tvær vikur. Þannig náðum við að tengja saman allskonar verkefni. Við tókum þema með tígrisdýr, fugla, sjóinn, dalmatíuhunda, tónlist og ljós og skugga. Við vorum með skuggaleikhús með söng og þema með Pétri og úlfnum. Kynning á hljóðfærum sem börnin fengu að prufa og fleira.

Þriðjudagar vorum við með leikur að læra verkefni og þar fléttuðum við inn litunum auk þess sem við voru að æfa stafina og fjölda hluta. Unnum með afstöðuhugtökin og æfðum jafnvægi, hoppuðum og fórum í kollhnís. Stundirnar voru vel heppnaðar og börnunum fannst gaman að taka þátt í þeim. Á miðvikudögum var hópastarf og stöðvavinna. Þar var unnið með þemaverkefni hverju sinni. Á fimmtudögum var farið í vettvangsferðir og nærumhverfið skoðað og reynt að taka eftir litum í umhverfinu. Við vorum virk í að lesa og spila með börnunum og föstudagar voru frjálsir og oft farið í að dansa og vináttuverkefnið kom þar við sögu þar sem við dönsuðum og sungum lögin sem tilheyra því verkefni.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Unnið var markvisst með liti og fjölda einnig voru stafirnir þeirra notaðir í vinnu. Við komum til með að taka fyrir	Alla þriðjudaga höfum við salinn þar sem markvisst er hægt að hafa íþróttir í salnum og	Deidarstjóri ber ábyrgð á starfinu en nær allir geta framkvæmt vinnuna	September	Lok apríl	Á deildarfundum vóum við að ræða hvernig við vildum hafa veturinn og hvaða áherslur við vildum hafa	Geta barnanna í lok vetrar. Að þau þekki upphafstafinn í nafninu sínu og



	tilfinningar dýr og líkamsparta næst.	svo leikur að læra inni í sal. Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel.				auk þess sem deildarstjóra r í samvinnu við skólastjórne ndur ræddu yfirkmið	þekki mun á fjölda.
Vínáttuverkef ni	Að börnin bæru virðingu fyrir hverju öðru og lærðu að leika sér saman	Við skoðum spjöld sem fylgja með námsefninu og sungum og dönsuðum eftir lögum sem eru í vínáttuverkef ninu	Alli inni á deildinni eiga að geta tileinkað sér námsefnið	Markmið er að byrja veturinn á vínáttuverkef ninu og geta svo gripið inn í með vinnuna þegar við á eins og í samverustun dum	Septem ber	Námsefnið er aðgengilegt öllum og er til inni á deildum	Að virða hvort annað
Listasmiðja	Markmiðið er að kynna sem fjölbreytilegus tum efnivið og læra að vinna með ólík form og liti	Allir geta framkvæmt	Deildarstjó ri	Allt árið er hægt að grípa inn í og við færum okkur mikið út þegar byrjar að vora og vinnum listtengda útikennslu	Alltaf í gangi sem hluti af starfinu	Sameiginleg ákvörðun þegar deildin fundar	Markmið er að börnin njóti og finni sig í verkefninu ekki afraksturinn
Hreyfing	Við ætlum að nýta salinn fyrir íþróttir og vera dugleg að fara í ferðir við notum hreyfispjöld og dönsuð zúmba	Við ætlum að vinna í sameiningu að markmiðum	Allir	Allt árið	Allt árið	Settar niður hugmyndir eftir deildarfundir	Gleði og líðan barnanna



Lubbi	Við ætlum að nota hann til að auka lestrarfærni hjá börnunum og kenn þeim hvernig stafirnir og hljóðin eru við verðum líka að lesa bækur og loðtöflusögur	Við ætlum að nota bókina og hundinn Lubba sem gengur á milli auk þess sem við verðum með annað efni sem er málörvandi svo sem bækur og spil	Sá sem er með samverust und eftir skipulagi deildarinnar	September	Lok apríl	Verkefni liggja frekar vel fyrir taka hvern bókstaf fyrir sig eftir nöfnum barnanna	Að allir þekki sinn staf
-------	---	---	--	-----------	-----------	---	--------------------------

3.5 Innra mat sérkennslu

